



Starfslýsing gönguklúbbs

1. Klúbburinn heitir gönguklúbbur EBAK. Fjöldi nefndarmanna er 3-5.
2. Nefndin/klúbburinn starfar eftir starfslýsingu, sem stjórn félagsins setur í samráði við viðkomandi nefnd. Gert er ráð fyrir að formaður yfirfari starfslýsinguna með sínum nefndamönnum í upphafi hvernar annar. Starfsemin byggist einkum á 9. grein samþykka félagsins, en einnig á 5., 6. og 10. grein þeirra.
3. Á fyrsta fundi starfsársins velja nefndarmenn sér formann og ritara til eins árs úr sínum hópi. Formaður tilkynnir stjórn félagsins (ritara) um verkaskiptinguna að loknum fundi.
4. Hlutverk nefnarmanna er:
 - a) Að skipuleggja vikulegar gönguferðir úti og stýra þeim í a.m.k. fjóra mánuði á ári fyrir félagsmenn og aðra eldri borgara. Að jafnaði skulu þær vera 4-10 km. og taka 1-3 klst. Gefa skal kost á ákveðnum brottfararstað.
 - b) Að finna göngustjóra til að stýra göngum eins og ástæða þykir til, auk nefndarmanna. Þeir eru ábyrgir gagnvart nefndinni fyrir þeim göngum sem þeir taka að sér. Ganga á undan og eftir hópnum.
 - c) Að skipta göngustjórn á milli sín og annarra göngustjóra. Þeir skulu gjarnan hafa einhverja fróðleiksmola til taks um hverja ferð fyrir sig.
5. Nefndin hefur aðgang að skrifstofu EBAK til fundahalda. Stjórnarfundir og viðvera stjórnarmanna á skrifstofu njóta forgangs varðandi notkun hennar. Þanta þarf fundartíma hjá starfsmanni, sem skráir þá í möppu. Fundarmenn bera ábyrgð á að loka gluggum, slökkva ljós, slökkva á ljósrítunarvél og læsa hurð að loknum viðburði.
6. Skrá skal þátttöku í öllum göngum og skila henni til ritara félagsins fyrir hvern aðalfund.
7. Klúbburinn leitast við í störfum sínum að efla starfsemi félagsins á sínu sviði með þróun og nýbreytni. Umsjónarmenn og stjórn félagsins efna til viðhorfskannana meðal félagsmanna, þegar henta þykir, á þeirri afþreyingu og tómstundastarfi sem í boði er á hverjum tíma.
8. Formanni ber að sjá til þess að skriflegum gögnum klúbbsins sé haldið til haga. Gögnin skulu geymd á skrifstofu félagsins. Klúbburinn hefur aðgang að tölvu á skrifstofunni og sitt heimasvæði fyrir gögn sem heppilegt er að geyma á rafrænu formi.
9. Nefndin má auglýsa viðburði í fjölmiðlum, í samráði við stjórn félagsins. Auglýsingar, tilkynningar, myndefni, fréttir og annað efni skal birta á heimasíðu og fésbókarsíðu EBAK eins og ástæða þykir til.
10. Fulltrúi nefnarinnar tekur þátt í sameiginlegum fundum stjórnar og nefnda. Formaður nefndar á rétt til setu á stjórnarfundum með málfrelsi og tillögurétti þegar mál sem snerta nefndina er á dagskrá.
11. Formaður skilar skýrslu í rafrænu formi til stjórnar um starfsemina vel fyrir árlegan aðalfund félagsins. Skýrslan miðast við tímabilið á milli aðalfunda.
12. Stjórn félagsins getur á hverjum tíma endurskoðað og gert breytingar á starfslýsingu þessari telji hún þess þörf. Samráð skal haft um breytingar við nefndina.
13. Starfslýsingu þessa skal endurskoða eigi síðar en í árslok 2027.